

SÉRKJARASAMNINGUR

milli

Verkalýðsfélags Akraness

og

Samtaka atvinnulífsins

vegna starfa í fiskmjölsverksmiðju HB Granda á Akranesi

Kjarasamningur aðila vegna starfa í fiskmjölsverksmiðju HB Granda á Akranesi framlengist til 28. febrúar 2017 með þeim breytingum sem kveðið er á um í samkomulagi þessu og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

1. gr.

Kjarasamningurinn gildir frá 1. janúar 2014.

2. gr.

Tenging við launataxta fiskvinnslufólks

Tekin er upp tenging við launataxta fiskvinnslufólks þannig að launataxtar og aðrir launaliðir í kjarasamningi taki sömu breytingum og mánaðarlaunataxtar fiskvinnslufólks skv. kjarasamningi, að teknu tilliti til hækkunar bónuss skv. reiknitölu ákvæðisvinnu. Skal vegin saman hækkun hæsta mánaðarlaunataxta fiskvinnslufólks (nú 9. launaflokkur e. 7 ár) og hækkun reiknitölu vegna álagsgreiðslna fiskvinnslufólks. Á samningstímabilinu skal miðað við að mánaðarlaun fyrir dagvinnu vegi 80% og bónus 20%.

Laun samkvæmt þessu ákvæði hækka 1. janúar 2014 og aftur árin 2015 og 2016 á sama tíma og í fiskvinnslu.

3. gr.

Við grein 3.12 um vaktabónus bætist nýr málslíður: Fyrir fyrstu 50 vaktir starfsmanns á almanaksári er vaktabónus kr. 1.500 m.v. 12 klst. vakt.

4. gr.

Við samninginn bætist samkomulag um starfsfræðslunámskeið starfsmanna í mjöl- og lýsisvinnslu.

Reykjavík, 28. febrúar 2014

F.h. Verkalýðsfélags Akraness

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Vilhjálmur Bergin

Ragnheiður

Launatafla í fiskmjölsverksmiðjum frá 1. janúar 2013

Almennir starfsmenn

	Mán.laun	Dagvinna	Álag 30%	Yfirvinna	Stórh.k	Mán.laun	Dagvinna	Álag 30%	Yfirvinna	Stórh.k
Byrjunarlaun	242.587	1.400	420	2.519	3.336	253.018	1.460	438	2.628	3.479
Eftir 1 ár í starfsgrein	245.145	1.414	424	2.546	3.371	255.686	1.475	443	2.655	3.516
Eftir 3 ár í starfsgrein	247.743	1.429	429	2.573	3.406	258.396	1.491	447	2.683	3.553
Eftir 5 ár í starfsgrein	250.379	1.445	433	2.600	3.443	261.145	1.507	452	2.712	3.591
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	253.055	1.460	438	2.628	3.480	263.936	1.523	457	2.741	3.629

Starfsmenn með SF-námskeið

	Mán.laun	Dagvinna	Álag 30%	Yfirvinna	Stórh.k	Mán.laun	Dagvinna	Álag 30%	Yfirvinna	Stórh.k
Byrjunarlaun	258.529	1.492	447	2.685	3.555	269.646	1.556	467	2.800	3.708
Eftir 1 ár í starfsgrein	261.327	1.508	452	2.714	3.593	272.564	1.573	472	2.831	3.748
Eftir 3 ár í starfsgrein	264.167	1.524	457	2.743	3.632	275.526	1.590	477	2.861	3.788
Eftir 5 ár í starfsgrein	267.050	1.541	462	2.773	3.672	278.533	1.607	482	2.893	3.830
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	269.975	1.558	467	2.804	3.712	281.584	1.625	487	2.924	3.872

Starfsmenn með SF-námskeið og viðbótarnámskeið

	Mán.laun	Dagvinna	Álag 30%	Yfirvinna	Stórh.k	Mán.laun	Dagvinna	Álag 30%	Yfirvinna	Stórh.k
Byrjunarlaun	263.851	1.522	457	2.740	3.628	275.197	1.588	476	2.858	3.784
Eftir 1 ár í starfsgrein	266.712	1.539	462	2.770	3.667	278.181	1.605	481	2.889	3.825
Eftir 3 ár í starfsgrein	269.616	1.556	467	2.800	3.707	281.209	1.622	487	2.920	3.867
Eftir 5 ár í starfsgrein	272.564	1.573	472	2.831	3.748	284.284	1.640	492	2.952	3.909
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	275.554	1.590	477	2.862	3.789	287.403	1.658	497	2.985	3.952

Reykjavík, 28. febrúar 2014

f.h. S. Ragnar

Launatafla í fiskmjölsverksmiðjum frá 1. janúar 2014
Almennir starfsmenn

Samkomulag

SF – námskeið fyrir starfsmenn í mjöl- og lýsisvinnslu

Starfsmenn sem hafa unnið þrjú mánuði eða lengur hjá fyrirtækjum í mjöl- og lýsisvinnslu skulu á næstu níu mánuðum eiga rétt á að sækja sérstök starfsfræðslunámskeið. Markmið námskeiðanna er að auka þekkingu starfsmanna og gera þá hæfari til starfa í fiskmjölsverksmiðjum.

SF-námskeiðin eru haldin á vegum Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar í samstarfi við fyrirtæki sem aðild eiga að samningi þessum og skulu fara fram á tímum sem hentar starfssemi fyrirtækjanna.

SF- Námskeiðin verða samtals 40 klst. bóklegar einingar sem hægt verður að taka í tveimur 20 klst. námslotum. Starfsmenn sem ljúka að fullu nýjum 40 klst. SF- námskeiðum hækka um tvo launaflokka, annars um einn launaflokk eftir hvorn námshluta og skiptir ekki máli hvort hlutinn er tekinn á undan. Starfsmenn í fiskmjölsverksmiðjum skiptast í 3 launaflokka. Í 1. flokki eru almennir starfsmenn, í 2. flokki eru starfsmenn sem lokið hafa eldri SF námskeiðum, eða fyrrihluta nýrra námskeiða og 3. flokki þeir sem lokið hafa eldri SF námskeiðum og viðbótarnámskeiðum eða nýjum SF námskeiðum.

Ný SF námskeið verða eftirfarandi :

- Hráefnið, vinnsluferlið og framleiðslan
- Vinnslubúnaður, orka og efnisflæði
- Öryggi framleiðslunnar, gæðakerfi og innra eftirlit
- Hreinlæti og helstu örverur í sjávafurðum

Neðangreind fimm námskeið skulu tekin samhliða námskeiðum fiskvinnslufólks eða viðkomandi fyrirtækis. Hægt að breyta einstaka námsþáttum og meta fullgild sambærileg námskeið á vegum viðkomandi fyrirtækis.

- Vinnuaðstaða og líkamsbeiting SF-02
- Öryggi á vinnustöðum SF-03
- Samstarf og samskipti á vinnustað SF-07
- Atvinnulífið, starfsfólkið og launakerfin SF 06
- Sjálfstyrking SF 11

Samtals 40 klst. bóklegt námsefni (20+20 klst.)

Ef þátttakendur eru færri en átta á SF - námskeiðum má sameina námskeiðshópa víðsvegar af landinu með fjarkennslu í gegnum fjarkennslubúnað.